

Ársskýrsla

AE starfsendurhæfingar



2 0 1 6

Efnisyfirlit

AE starfsendurhæfing/Hlutverkasetur.....	2
Grundvallarmarkmið	2
Stjórn félagsins.....	2
Starfsfólk	2
Nemar í vettvangsnámi	3
Hin ýmsu hlutverk/þættir starfseminnar.....	3
Markmið.....	3
Námskeið	3
Listanámskeið	3
Leiklist	5
Virgni og þátttaka utan Hlutverkasetur.....	5
Heimsóknir í Hlutverkasetur	6
Árangursmat.....	6
Útrás atvinnuþátttaka	8
NsN úttekt á Útrás.....	8
Samningur við Reykjavíkurborg	9
Samvinna vegna íbúa í íbúakjörnum	10
Samningur við Vinnumálastofnun.....	11
Tafla 1. Fjöldi eftir flokkum.....	12
Tafla 2. Komur, aldur og kynjahlutfall.....	12
Tafla 3. Aldursdreifing þátttakenda.....	12
Tafla 4. Framfærsla þátttakenda	13
Tafla 5. Búseta þátttakenda	13
Tafla 6. Tilvísunaraðilar	14
Tafla 7. Samfélagsþátttaka	14
Þverfaglegt samstarf við úrræði og félagasamtök	14
Nefndarstörf, kynningarmál og fjölmiðlaumfjöllun	17
Þekkingarmiðlun	19
Endurmenntun.....	21
Þakkir stjórnar	22

AE starfsendurhæfing/Hlutverkasetur

Grundvallarmarkmið Félagið AE starfsendurhæfing var stofnað 13. maí 2005. Meginmarkmið félagsins er að efla virkni fólks sem misst hefur hlutverk í lífinu, styðja það við að ná tökum á þeim á ný eða uppgötva ný hlutverk og á þann hátt að nýta þekkingu og reynslu fólks til að auka lífsgæði þess. Einnig með þessum hætti að draga fram þau margföldunaráhrif sem verða þegar einstaklingar ná stjórn á eigin lífi og sýna fram á mikilvægi umhverfisþátta og að draga úr fordómum.

Helstu leiðir til að ná fram þessum grunnmarkmiðum eru byggðar á hugmyndafræði valdeflingar og líkansins um iðju mannsins (MOHO). Lögð er til þekking og reynsla notenda og fagfólks og unnið út frá jafningjagrunni. Samstarfið er á forsendum hvers og eins, vilja og áhuga. Varpað er ljósi á hvetjandi leiðir s.s. störf, ýmis verkefni og hvatt til námskeiðspáttöku í Hlutverkasetri. Þar að auki er veittur stuðningur við atvinnuleit, aðlögun á vinnustað, auk eftirfylgdar.

Stjórn félagsins Stjórnin var óbreytt frá fyrra ári. Sæunn Stefánsdóttir er formaður stjórnar og Þórólfur Árnason varaformaður. Aðrir í stjórn eru Andri Árnason, Árni Gunnarsson, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir og varamaður er Elín Ebba Ásmundsdóttir, eigandi AE starfsendurhæfingar sem rekur Hlutverkasetur. Stjórnin fundaði fimm sinnum á árinu.

Starfsfólk Yfir árið störfuðu 15 starfsmenn í tæpum sjö stöðugildum. Meirihluti starfsmanna er með notendaþekkingu. Fastir starfsmenn eru Anna Henriksdóttir myndlistakennari, Bergþór G. Böðvarsson Nsn starfsmaður og iðjuþjálfarnir Elín Ebba Ásmundsdóttir, Kristín G. Sigursteinsdóttir og Sylviane Lecoultre. Starfmenn í tímabundnum störfum eru Edna Lupita og María S. Gísladóttir. Héðinn Baldursson Briem, aðstoðarmaður iðjuþjálfara, hætti í september og hóf störf sem smiður, enginn var ráðinn í hans stað. Helga Ólafsdóttir iðjuþjálfari, lauk störfum í janúar. Hún hóf störf 2008 og tók þátt í að móta starfsemi Hlutverkaseturs eftir efnahagshrunið. Hún vinnur nú sem iðjuþjálfari á leikskóla og sinnir börnum með sérþarfir. Í apríl kom Andri Vilbergsson, iðjuþjálfari í hlutastarf. Hann vann einnig sem iðjuþjálfari í Batamiðstöðinni á Kleppi. Atli Þór Elísson, Hulda Rós Gunnarsdóttir og Kremena Demireva luku sínu tímabili á árinu. Í þeirra stað komu Orri Hilmarsson og Árni Jóhann Árnason.

Nemar í vettvangsnámi

- Fjórir iðjuþjálfanemar á þriðja ári við Heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri, komu tvisvar sinnum og stjórnðu hópstarfi í apríl.
- Laura Wiik, iðjuþjálfanemi, frá Finnlandi var frá ágúst til október.
- Jóhanna Logadóttir iðjuþjálfanemi, HA var frá október til nóvember.
- Tveir hópar hjúkrunar- og iðjuþjálfunarnema komu í október og tóku viðtöl við starfsmenn og notendur sem lið í verkefnavinnu fyrir námskeiðin Geðheilsa og Geðhjúkrun við Háskólann á Akureyri.

Hin ýmsu hlutverk/þættir starfseminnar

Markmið Hlutverkasetur er opin virknimiðstöð. Markmið setursins er að hjálpa þátttakendum að komast út á almennan vinnumarkað sé þess kostur, fara í nám og/eða auka lífsgæði. Leiðarljós Hlutverkaseturs er virk samfélagsþátttaka, að sinna hlutverkum sem gefa lífinu tilgang og þýðingu, jákvæðni og kímni.

Námskeið Heildarfjöldi einstaklinga sem sóttu námskeið Hlutverkaseturs á árinu voru 290 manns sem er óbreytt tala frá árinu áður, en þeir sem sóttu námskeiðin mættu betur, því heildarfjöldi mætinga jókst frá árinu áður. Námskeiðin voru 54 talsins. Verktakar á árinu voru fimm og sjálfboðaliðar 17. Hlutverkasetur starfrækir fjölda námskeiða og virkniúrræða, eins og má sjá hér að neðan. Fjallað verður ítarlega um myndlistina og leiklistina. Þátttaka í listsköpun skipar stóran sess í starfseminni.

Dæmi um námskeið

- | | |
|------------------|---------------------|
| a. á tali | i. heilsuhópur |
| b. hláturjoga | j. föndur |
| c. leiklist | k. saumastofa |
| d. zumba-dans | l. sjósund |
| e. yoga-leikfimi | m. skák |
| f. hugleiðsla | n. súpueldhús |
| g. slökun | o. tónlistarklúbbur |
| h. göngutúrar | p. listnámskeið |

Listnámskeið Námskeið voru haldin fyrir og eftir hádegi s.s. olíumálun, opin smíðja og teikning. Einnig var boðið upp á listkynningar, pastelkrítar teikningu, klippimyndagerð, skrautskrift, akrílmálun, bókagerð og vatnsliti. Námskeiðin

voru einnig í gangi yfir sumarmánuðina. Anna Henriksdóttir stýrir námskeiðunum í félagi við Svöfu Björg Einarsdóttur og María Gísladóttur. Að jafnaði sækja átta til tíu einstaklingar þessi námskeið í einu. En stundum mæta fleiri og þá hefur þurft að nota rýmið á ganginum.

Helstu þemu og myndlistarsýningar á árinu

Í janúar síðast liðnum hófust námskeið með ævintýrabema. Byrjað var að fara á bókasafn Norræna hússins. Húsið var skoðað og fræðst um arkitektúrinn. Í kjallaranum voru barnabækur og grafíkverk gaumgæfð. Í febrúar var fundað með fulltrúa *List án landamæra* til að útfæra hugmynd um sýningarsamstarf. Sett voru upp námskeið í grafík, brúðugerð, bókagerð og í útsaumum myndverkum. Áhugi þátttakenda fór fram úr öllum vonum. Velja þurfti því úr verkum. Átta listamenn sýndu síðan verk sín, brúður og myndverk. Sýningin stóð frá 14. - 28. september í anddyri Norræna hússins og bar nafnið *Endurunnin ævintýri – frá hugmynd til listaverks*. Leiklistarhópurinn *Húmor* var með gjörning í tilefni af opnuninni þar sem furðuverur úr ævintýrunum birtust sýningargestum. Sýningin hlaut mikið lof, m.a. í fjölmiðlum.

Í apríl var sett upp sýning á veggjum Hlutverkaseturs á grafíkverkum sem unnin voru á grafíknámskeiðum í janúar, febrúar og mars.

Listasmiðjan sótti tónleika á Kjarvalsstöðum í tónleikaröðinni *Töframáttur tónlistar* sem Gunnar Kvaran hélt utan um. Í leiðinni var farið í menningargöngu og fræðst um byggingar, listamenn, listmuni og fyrirtæki í nágrenninu.

Guðrún Dís Jónatansdóttir deildarstjóri, hjá Borgarbókasafninu hafði samband við myndlistarkennarana. Listahópunum var boðið að standa að sýningu í Borgarbókasafninu í Grófinni, byggða á ljóðum Snorra Hjartarsonar. Í september var byrjað að undirbúa þátttakendur með því að fara í Þjóðarbókhlöðuna á sýningu um ljóðskáldið. Umræður um ljóðin, auk fyrirlesturs í kynningarskyni á Snorra var haldin og Hjörtur Hjartason formaður *Ljóðvega* (Samtök um ljóð Snorra) tók þátt. Unnar voru myndskreytingar byggðar á ljóðunum í fjölbreyttan efnivið s.s. akrýllit, pastelkrít, vatnslit, tágur og bókverk.

Sýningin opnaði í janúar 2017 í Grófarhúsi, með tónleikum með frumsömdum lögum við ljóð Snorra. Ragnheiður Gröndal og Leifur Gunnarsson, kontrabassaleikari og fluttu ásamt Kristofer Rodriguez, slagverksleikara.

Leiklist Leikhópurinn *Húmor - geðveikt leikhús* undir stjórn Ednu Lupitu hittist í Hlutverkasetri eftir hefbundin vinnutíma, tvisvar sinnum í viku yfir vetramánuðina. Um 17 manns voru virkir, sjö til níu manns mættu á hverja æfingu. Fjórir starfandi listamenn styrktu öðru hverju hópinn með því að taka þátt í viðburði eða koma á æfingar. Ásthildur Kjartansdóttir kvikmyndagerðarkona hefur fylgt hópnum eftir, í tengslum við gerð á heimildamynd um hópinn.

Einnig var samstarf á árinu við kvikmyndagerðarmanninn og leikarann, Guðmund Jónas Haraldsson, sem starfar í Vin. Var það í tengslum við stuttmyndina *Unum* sem sýnd var í Bíó Paradís þann 10. okt. Eins og sjá má í eftirfarandi upptalningu hefur starf hópsins verið kröftugt og frjósamt.

- Hópurinn samdi leikverk sem sýnt var á ársfundi Hlutverkaseturs í maí. Ilmur Kristjánsdóttir, formaður velferðarráðs, var viðstödd og bað leikhópin að koma með sama innslag við afhendingu Hvatningarverðlauna, Velferðarráðs Reykjavíkur, samdægurs í Ásmundarsal.
- Tilbrigði af leikverkinu *Ég er Jón*, samið af hópnum, var sýnt á málþingi Geðhjálpur sem bar yfirskriftina, *Höfum við farið af leið*, á Grand Hótel í júní.
- Leikhópurinn flutti leiklistargjörninginn *Virðing* á Alþjóðageðheilbrigðisdeginum í Bíó Paradís.
- Leiklistarhópurinn framdi gjörning á Listasýningu Hlutverkaseturs í Norrænahúsinu, *Endurunnin ævintýri – frá hugmynd til listaverks*.
- Prettán manns fóru á *ERROR* leiklistarhátíð heimilislausra og annara jaðarhópa í Bratislava, Slóvakíu í lok nóvember. Leikhópurinn var með upphafsatriðið á hátíðinni, *Sipp sapp og poing*. Ferðin var afrakstur samstarfs leikhópsins og leikhúss heimilislausra sem Rúnar Guðbrandsson og Ilmur Kristjánsdóttir leikarar leikstýrðu 2015 og sýndu verk hjá Hjálpræðishernum á Menningarnótt. Upphafið af því samstarfi var málþing sem Reykjavíkurakademían hélt um valdeflandi starf, m.a. um leiklist með jaðarsettum fullorðnum. Björg Árnadóttir starfsmaður Reykjavíkur akademíunnar var þar aðaldriffjöðrin og hefur haldið mörg námskeið um valdeflandi starf bæði héraendis sem erlendis.
- Leikhópurinn Húmor frumsýndi leikverkið *Jólaandinn fer í það heilaga með Jólafjandanum* á Litlu jólum Hlutverkaseturs við mikinn fögnuð viðstaddra.

Virgni og þátttaka utan Hlutverkasetur Hlutverkasetur bauð upp á faðmlög á Menningarnótt í Reykjavík í áttunda sinn og mættu yfir 20 manns sem

skipust á að faðma vegfarendur.

Leikhús- og tónleikaferðir:

- Tvisvar sinnum var farið í Borgarleikhúsið á árinu, á sýningarnar *Hannes og Smári* (27 manns) og *Sendingu* (40).
- Farið var Þjóðleikhúsið á *Othello* (10).
- Í Tjarnaleikhúsið fóru tíu manns á *Skúringakonuna*.
- Tónleikar *Björns Thoroddsens*, gítarleikara í Háskólabíói mættu 40 manns.

Þrjár fulltrúar frá Hlutverkasetri voru með tónlist og dansatriði á fjölmenningshátíðinni *Þjóðhátíð Vesturlands*, Akranesi. Hlutverkasetur tók þátt í *Color Run* hlaupinu og styrkti til þátttöku tíu manns. Fjórir notendur Hlutverkasetur voru statistar í heimildarmyndinni *Baskavígin* í umsjón Önnu Kristínu Kristjánsdóttur og Hjámtýs Heiðdals. Í ágúst fóru tíu manns í berjamó og átta gengu á Esjuna í september. Trausti Ólafsson stjórnaði *Öðruvísi degi* í október sem var hluti af starfsdegi og hópefli. Trausti bauð einnig nokkrum með sér á lestrarupptöku í Tjarnarvíó í desember í tilefni af útgáfu bókarinnar *Stef ástar og valds* sem hann skrifaði um störf Þorhildar Þorleifsdóttir, leikstjóra.

Heimsóknir í Hlutverkasetur Starfsmenn þjónustumiðstöðva ásamt skjólstæðingum þeirra hafa komið í kynningu með sex til átta manna hópa. Starfsfólk þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts og þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða komu í kynningu á árinu.

Hópur af starfmönnum Vinnumálastofnunnar kom einnig í kynningu.

Stór hópur starfsmanna og notenda kom í heimsókn á haustmánuðum frá *Grófinni*, geðræktarmiðstöð staðsettri á Akureyri. Starfsemin var m.a. kynnt í gegnum verkefni sem þau þurftu að leysa af hendi.

Árangursmat Mat á árangri hefur verið gert með ýmsu móti s.s. í gegnum símakannanir, þátttökuathuganir og eigindleg viðtöl. Einnig hafa þátttakendur skráð reynslusögur og sett á heimasíðu Hlutverkaseturs. Hér á eftir fara niðurstöður úr tveimur athugunum gerðar á árinu:

1. Árangursmat Lauru Wiik og Jóhönnu S. Logadóttur iðjubjálfanema var að meta hvort þátttaka í listnámskeiðum hefði áhrif á lífsgæði og hvetti til atvinnuþátttöku. Þær tóku 14 viðtöl við einstaklinga á aldrinum 22 – 65 ára. Meðaltími þátttöku í Hlutverkasetri var 2 ár. Meirihluti viðmælenda höfðu átt við

langvarandi heilsufarsvandamál að stríða sem höfðu skapast m.a. vegna líkamlegra/andlegra veikinda, slysa, atvinnumissis og annarra áfalla og voru því metin óvinnufær að öllu eða hluta.

Helstu niðurstöður varðandi þátttökuna. Áhugi þátttakenda á listsköpun hvatti þau til að mæta, skapaði rútinu og tækifæri til að vera í samskiptum við aðra. Þau voru ánægð með þátttökuna, kennarana og andrúmsloftið í tímunum og vildu ekki breyta neinu varðandi kennsluna sjálfa. Umhverfið var styðjandi, hvetjandi og komið var fram við þau af virðingu. Þau lærðu nýja hluti og tækni. Fyrir suma var listsköpunin mikilvæg til að sjá eigin framfarir. Þau kunnu líka að meta að fá einstaklingsmiðaðan stuðning. Regluleg þátttaka skapaði góðann ramma utan um líf þeirra og ákveðið öryggi. Þátttakan hafði einnig félagslegt gildi, þau kynntust fólki, félagsleg einangrun var rofin. Þátttakan jók lífsgæði þeirra, þau höfðu eitthvað að stefna að og hlakka til. Þau tóku fram að þátttakan á námskeiðunum var þeim að kostnaðarlausu sem þau mátu mikils og gerði þeim kleift að mæta. Veran í Hlutverkasetri gaf þeim sjálfstraust og eflði trú þeirra á eigin áhrifamátt. Þeim fannst hins vegar rýmið fyrir listkennsluna of lítið, oft var þröngt á þingi og einnig lélegt aðgengi að staðnum fyrir þá með líkamlegar fatlanir. Þeir sem höfðu bíl fannst slæmt að þurfa að greiða í stöðumæli langtímum saman. Engin af viðmælendum hafði sett sér það sem markmið að fara að vinna, einn byrjaði þó að vinna í framhaldinu.

Beinar tilvitnanir í viðmælendum:

- *Þátttakan gerir það að verkum að ég er í lagi... ég kemst út úr eigin holu.*
- *Fæ meiri orku með þátttökunni sem ég nýti mér til að gera hluti heima.*
- *Hefur alveg bjargað mér að hafa fastan punkt....Stolt og ánægð með að hafa gert eitthvað... hefur bætt rútinuna... ég æfi mig í að tala líka...er haldinn sjúkdómi sem er einangrandi.*

2. Árangur Mömmuleikni sem Helga Magnea Þorbjarnardóttir, iðjubjálfi sá um, var metin með því að láta þátttakendur svara spurningum í lok námskeiðanna. Allar mæðurnar voru ánægðar með námskeiðið og þær tóku fram að þær kunnu sérstaklega að meta einstaklingsviðtölin og eftirfylgdina. Árangrinum er best lýst með eftirfarandi tilvitnunum:

- *Ég er meira vakandi/meðvitaðri yfir hegðun minni gagnvart barninu mínu.*
- *Mér finnst ég orðin betri mamma.*

- *Hér er talað um AF HVERJU en ekki AF ÞVÍ AÐ.*
- *Flest sem maður áttar sig ekki á, skiptir í raun miklu máli og hefur áhrif.*
- *Mömmuleiknin kom mér virkilega á óvart! Hefði aldrei trúað að eitt námskeið hafi breytt lífi mínu svona mikið.*

Útrás atvinnuþátttaka Útrás er verkefni á vegum Hlutverkaseturs.

Verkefnið stefnir að því að auka þátttöku geðfatlaðra á vinnumarkaði. Margir sem eiga við geðræn vandamál hafa slæma reynslu af vinnumarkaði, þeir hafa lítið sjálfstraust eða trú á eigin getu og þurfa stuðning til að vinna úr örðugleikum og efasemdum, þegar stigin eru fyrstu skrefinn á ný inn á vinnumarkaðinn. Útrás aðstoðar við að undirbúa, þjálfa og fylgja viðkomandi eftir inn á nýja vinnustaðnum ásamt ráðgjöf til handa væntanlegu samstarfsfólki. Sylviane Lecoultre stýrir Útrás. Í apríl síðastliðnum hóf Andri Vilbergsson, iðjuþjálfari, einnig að starfa við verkefnið. Heildarfjöldi þeirra sem leituðu í Útrás voru 55 einstaklingar. Þar af voru 45 nýir á árinu, 16 voru í ráðgjöf, tíu í eftirfylgd, níu voru í virkri atvinnuleit. Fjórtán einstaklingar fengu vinnu á árinu í gegnum verkefnið, tveir eru komnir í nám og tveir vildu ekki þá þjónustu sem var í boði. Tveir sem hafa tekið þátt í verkefninu fóru af örorkubótum á árinu.

Virk, starfsendurhæfingarsjóður, styrkti verkefnið um eina miljón, það fjármagn verður nýtt til að auka tækifæri þátttakenda á vinnumarkaði. Útrás hefur nú möguleika að senda einstaklinga í vinnuþjálfun til þeirra í Hertex fata- og nytjamarkaðinn. Dæmi um atvinnuþátttöku:

- Átta einstaklingar með notendareynslu hafa fengið vinnu tímabundið í 20-40 % hlutastörfum í Hlutverkasetri.
- Tveir notendur sem störfuðu í tilraunaverkefni á vegum Geðheilsustöðvar Breiðholts fengu fastráðningu sem liðveitendur hjá Reykjavíkurborg.
- Auglýsingastofan Pipar sem er fastur samstarfsaðili Útrásar tekur fólk í starfsþjálfun í fjóra til níu mánuði. Þrír unnu hjá þeim á árinu.
- Veitingarhúsið Loki réð tvo í vinnu á árinu.
- Íbúi á Njálsgötu sem starfaði first sem NsN starfsmaður hefur unnið í samfélagsteymi geðdeildar LSH í tvö ár sem liðveisla. Hann fékk vinnu á vegum Reykjavíkurborgar og annar notandi Hlutverkaseturs tók við starfi hans í samfélagsteyminu.

NsN úttekt á Útrás NsN úttektin sem hér er rakin, var í umsjá Jón Ara Arasonar.

Markmiðið var m.a. að kanna reynslu af atvinnuþátttöku þeirra sem höfðu verið lengi fjarverandi af vinnumarkaði sökum geðrænna vandamála. Talað var við sjö notendur á aldrinum 30 – 55 ára. Viðtölin fóru fram á tólf mánaða tímabili, árin 2015 – 2016. Allir viðmælendur sem tóku þátt voru í stuðningsviðtölum hjá Sylviane. Hlutastörf sem voru í boði tengdust helst umönnunarstörfum. Störfin kröfðust ekki sértækrar menntunar. Starfshlutfall var frá 20% upp í 60%. Allir viðmælendur höfðu átt við byrjunarörðugleika að stríða sem fólust einna helst í því að þeim gekk erfiðlega að ráða við verkefnin og samskiptin við samstarfsfólk á vinnustað. Að sögn viðmælenda skiptu stuðningsviðtölin sköpum svo að þau gæfust ekki upp í byrjun. Bæði líkamleg og geðræn einkenni jukust við álagið sem fylgdi nýjum verkefnum, fólki og vinnustöðum. Helsti lærdómur sem má draga af upplifun viðmælenda var að vinnumarkaðurinn hefur enga sem litla reynslu af starfsfólki með skerta starfshæfni/orku sökum geðrænna erfiðleika. Huga þarf sérstaklega að því hvernig tekið er á móti nýjum starfskröftum. Afla þarf meiri þekkingar um hvað skiptir máli fyrir þennan hóp. Þekking sem gæti einnig nýst almennu starfsfólki, því þarfirnar eru svipaðar. Hópurinn sem hér um ræðir er einungis viðkvæmari og bregst frekar við álagi á tilfinningalegan og/eða vitrænan hátt. Miðað við frásagnir viðmælenda þá kom sú spurning upp hvort gerðar séu meiri kröfur til starfsmanna með geðræna kvilla en annarra starfsmanna. Enn eimir eftir af fordómum og mismunum hvað varðar að treysta fólki með geðsjúkdóma.

Samningur við Reykjavíkurborg

Reykjavíkurborg samdi við AE starfsendurhæfingu/Hlutverkasetur til þriggja ára, 2016 - 2018. Aðaláherslur í samningnum fyrir þessi þrjú ár er atvinnuþátttaka fólks með skerta starfsgetu, í samvinnu við *Útrásar* verkefnið fyrir íbúa í þjónustukjörnum á vegum Reykjavíkurborgar.

Til nánari skýringar á textanum þá eiga tölur utan sviga við árið 2016, tölur í svigum við fyrir árið 2015 og eru þær hafðar með til samanburðar. Á árinu 2016 voru 58 (38) einstaklingar skráðir á vegum Reykjavíkurborgar. Um er að ræða 45 (23) karla og 13 (15) konur, þar af voru 25 (23) Íslendingar og 33 (11) af erlendum uppruna. Fjölgun erlendra karlmanna frá fyrra ári hefur því þrefaldast á milli ára. Tilkynningar eru sendar reglulega til þjónustufulltrúa

Reykjavíkurborgar um hvað sé á döfinni. Virkniráðgjafar og félagsráðgjafar komu oft með skjólstæðingum sínum í Hlutverkasetur. Eins og undanfarin ár hafa einstaklingar komið af eigin hvötum í kynningar. Einnig hafa félagsráðgjafar og annað starfsfólk þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar vísað fólki á staðinn

Sylviane Lecoultre sinnti þeim einstaklingum sem eru af erlendum uppruna sem beint er til Hlutverkaseturs af félagsþjónustunni eða hafa komið á eigin vegum. Margir eru frönskumælandi karlmenn sem tala enga íslensku og enga sem litla ensku. Frá áramótum hefur hún haft samskipti við 20 slíka einstaklinga, 13 hafa fengið ýmiss konar ráðgjöf og sjö hefur hún aðstoðað með ýmsum hætti. Aðstoðin hefur m.a. tengst því að vera í samskiptum við eftirfarandi stofnanir: Vinnumálastofnun, Rauða kross Íslands, Félagsþjónustuna, Útlendingastofnun, lögfræðinga, vinnuveitendur og Ríkisskattstjóra.

Samvinna vegna íbúa í íbúakjörnum Fundur var haldin í apríl með Kristjönu Gunnarsdóttur og Ólafíu Magneu Hinriksdóttur, starfsmönnum velferðarsviðs Reykjavíkur til að ræða á hvern hátt best væri að útfæra samninginn. Fundinn sátu líka starfsmenn Hlutverkaseturs. Í framhaldinu var öllum forstöðumönnum búsetukjarna á vegum Velferðarsviðs Reykjavíkur kynnt samstarfið. Fundað var á ný í nóvember. Aðalheiður Traustadóttir kom þá með Kristjönu til að frekari úrfærslu samningsins. Tilraunaverkefni var sett af stað til að auka atvinnuþátttöku fólks sem býr í íbúakjörnum. Fundað var tvisvar sinnum með forstöðumönnum (5) og deildarstjórum (3) í sex íbúakjörnum til að skoða hvaða möguleika íbúar höfðu varðandi atvinnuþátttöku. Einnig voru tveir fundir með yfirmönnum sem stýra liðveislu við þjónustumiðstöð, Laugardals og Háaleitis.

NsN starfsmennirnir; Bergþór G. Böðvarsson, Héðinn Baldursson Bríem, Atli Elísson, Orri Hilmarsson og Árni Jóhann Árnason komu að jafningastuðningi og ráðgjöf í íbúakjörnum. Einnig var rætt um valdeflingu, íbúalýðræði, áhugamál, innri menningu staðanna og hvað hefði reynst vel, auk þess sem nýjar hugmyndir voru ræddar. Eftirfarandi heimsóknir voru farnar:

- í mars og maí var farið á Lindargötu.
- í apríl var farið á Gunnarsbraut, Skarphéðinsgötu og Sóleyjargötu.
- í maí á Hverfisgötu og Hraunbæ.
- í ágúst á Dalbraut.
- í Starengi var farið þrisvar sinnum á árinu.

Í heimsóknum í búsetukjarnanna hefur hugmyndafræði NsN verið notuð til að kanna viðhorf íbúa og starfsmanna er lúta að íbúalýðræði og hefðum heimilanna. NsN starfsmenn skráðu upplifanir sínar af innri menningu og þeirra eigið mat á viðhorfi staðanna að loknum heimsóknunum.

Viðmót, stemning, nálganir og reglur voru ólík á stöðunum. NsN starfsmönnum fannst best þegar þeir fengu tækifæri að ná tali af íbúum án starfsmanna, sem var undantekning. Einn íbúakjarninn er í mestum tengslum við Hlutverkasetur vegna nálægðar og sameiginlegra starfsmanna. Mesta þekkingin hefur því skapast vegna upplýsinga frá þessum íbúakjarna. Þessi tengsl sköpuðu umræður þar sem menn tókust á. Í framhaldinu voru haldnir nokkrir fundir sem leiddu til stærri fundar þar sem 25-30 þátttakendur mættu. Öllu starfsfólki og íbúum var boðið til hans, ásamt Bergþóri Böðvarssyni, Elínu Ebbu Ásmundsdóttur, Tómasi Inga Adolfssyni frá Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur, Sigtryggi Jónssyni og Þórdísi Lindu Guðmundsdóttur, yfirmönnum þjónustumiðstöðvar Háaleitisbrautar. Engin niðurstaða varð um ágreiningsatriði. Hins vegar var komið á notendasamráði íbúa og starfsmanna sem funda áfram til að finna lausnir. Stefna Reykjavíkurborgar í búsetumálum fatlaðra í tengslum við valdeflingu og bataþjónustu reynist erfið í framkvæmd. Nánari samantekt má finna í áfangaskýrslu sendri til Reykjavíkurborgar 1. okt. 2016.

Samningur við Vinnumálastofnun

Samningurinn á milli Vinnumálastofnunar og Hlutverkaseturs hefur tvíþætt markmið. Í fyrsta lagi að aðstoða með sértækum endurhæfingaraðgerðum einstaklinga með geðraskanir til þess að komast út á vinnumarkað eða finna annað starf við hæfi t.d. með því að mennta sig frekar. Í öðru lagi stendur úrræðið einnig þeim til boða sem standa höllum fæti vegna skorts á grunnmenntun eða annarri hæfni og hafa því færri atvinnutækifæri. Úrræðið hentar einnig þeim sem vilja auka lífsgæði sín og virkni.

Samningur á milli Vinnumálastofnunar og Hlutverkaseturs var upphaflega gerður árið 2014, til 3ja ára og gildi hann út 2016. Samningurinn var endurnýjaður á ný til 3ja ára og gildir til ársloka 2019. Heildarfjöldi þeirra sem skráðir voru á vegum Vinnumálastofnunar s.l. ár var svipaður og á árinu 2015. Árið 2016 komu 200 einstaklingar yfir árið. Í hverjum mánuði komu frá 58 upp í 117 einstaklingar.

Á árinu 2016 komu 200 einstaklingur. Í hverjum mánuði komu 58 - 117. Kynjahlutfall er nú jafnt, karlar voru 100 (103; árið 2015) en konur 100 (94) (tafla 1). Aldursdreifing hefur ekki breyst á milli ára og var meðalaldur sá sami, 42 ár (Tafla 2).

Komur, aldur og kynjahlutfall

	2015	2016
Komur á ári	191	200
Komur á mánuði	63-87	57-117
Aldursdreifing	42	42
Kynjahlutfall - karlar	103	100
Kynjahlutfall - konur	94	100


Tafla 1

Aldursdreifing þátttakenda

Aldursdreifing	Fjöldi	%
18-30	39	19,5
30-40	59	29,5
40-50	41	20,5
50-60	39	19,5
60+	22	11
Alls	200	100

Tafla 2

Við komuna í Hlutverkasetur meta iðjuþjálfar mismunandi þarfir hvers og eins. Einstaklingar sem þurfa lítinn sem engan stuðning tilheyra fyrsta flokknum og svo eftir sem þörf á stuðningi eykst hækkar flokksnúmerið. Meirihluti þátttakenda í Hlutverkasetri voru í þjónustuflokki 2 - 4 (tafla 3).



Framfærsla þátttakenda

Innkoma	Fjöldi	%
Atvinnuleysisbætur	9	4,5
Örorkubætur	101	50,5
Endurhæfingarlífeyrir	32	16
Félagsstyrkur	8	4
Vinna	5	2,5
Óþekkt	34	17
Sjúkradagpeningar	11	5,5
Nemi	0	0
Samtals	200	100

Tafla 4

Þegar framfærsla er skoðuð sést:

- að rúmlega helmingur þátttakenda var á örorkubótum
- á atvinnuleysisbótum voru níu
- á endurhæfingar lífeyri voru 32
- á félagsstyrk voru 8

Búseta þátttakenda

Bæjarfélag	Fjöldi	%
Reykjavík	157	78,5
Kópavogur	12	6
Garðabær	3	1,5
Hafnarfjörður	11	5,5
Mosfellsbær	4	2
Seltjarnarnes	1	0,5
Annað	12	6
Alls	200	100

Tafla 5

Tæplega 80% voru með skráð lögheimili í Reykjavík eins og fyrr (2015). Tafla 5 sýnir nánari búsetudreifingu þátttakenda

Rúmlega helmingur þátttakenda kom að eigin frumkvæði (58%) en öðrum var vísað til Hlutverkaseturs af fagaðilum eða af öðrum úrræðum.

Tilvísunaraðilar eru fjölmargir. Hér eru nokkrir aðilar sem hafa í æ meiri mæli vísað til Hlutverkaseturs, t.d. Geðsvið LSH, þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar og fleiri sjá töflu 6.

Tilvísunaraðilar

Tilvísunaraðilar	Fjöldi	%
Rvk	18	9
LSH	35	18
VMST	3	1,5
Önnur úrræði	8	4
Virk	1	0,5
Aðrir fagaðilar	19	9,5
Á eigin vegum	116	58
Samtals	200	100

Tafla 6

Samfélagsþátttaka

Hvert	Fjöldi	%
Hlutverkasetur	86	43
Vinna	27	13,5
Nám	2	1
Önnur úrræði	37	18,5
Annað	43	21,5
Bið	5	2,5
Samtals	200	100

Tafla 7

Í töflu 7 má sjá hvernig samfélagsþátttaka þeirra sem hafa nýtt sér þjónustuna eykst. Veran leiðir yfirleitt til meiri virkni einstaklinga sem leiðir af sér meiri áhugahvöt og vilja til þátttöku úti í samfélaginu. Margir halda áfram að nýta sér Hlutverkasetur sem bakland. Margir vilja sækja í það tengslanet sem þeir hafa myndað. Margir þeirra eru einnig með eftirfylgd af starfsfólki Hlutverkaseturs til stuðnings við nám, atvinnuþátttöku, hjálparstörf o.fl.

Þverfaglegt samstarf við úrræði og félagasamtök

Hlutverkasetur er með þverfaglegt samstarf eins og fram hefur komið við margar stofnanir samfélagsins og einnig önnur geð/bataúrræði þar sem samnýting starfsmanna leiðir til meira samfellu og þekkingar á milli úrræða.

Gott samstarf hefur verið við ýmis félagasamtök sem styðja ákveðna þætti starfsins t.d. fjárhagslega, faglega eða þá að fagfólk, listamenn, kennarar o. fl. leggja fram vinnu og kunnáttu sína til þess að gera starfsemi Hlutverkaseturs markvissara. Hér á eftir má sjá flóruna:

1) Samstarf við iðjubjálfunina á geðsvið LSH. Andri Vilbergsson, Bergþór Böðvarsson og Edna Luptia unnu bæði í Batamiðstöðinni og í Hlutverkasetri. Edna kennir leiklist, jóga og dans. Náið samstarf var einnig við geðsvið LSH varðandi Mömmuleikni-námskeiðin. Helga Magnea Þorbjarnardóttir, umsjónaraðili þeirra; starfar einnig þar (sjá nánar í lið 6). Anna Gréta Jónsdóttir sjálfboðaliði kennir jóga á báðum stöðum. Sylviane Lecoultre og Elín Ebba Ásmundsdóttir byrjuðu með handleiðslu fyrir iðjubjálfa starfandi á geðsviði í maí.

Anna Henriksdóttir listkennari og Trausti Ólafsson psykodramakennari komu bæði að þeirri handleiðslu og sáu um upplifunarhluta tvisvar sinnum hvor, á haustmánuðum.

2) Samstarf við Batamiðstöðina að Kleppi. Starfsmenn og skjólstæðingar Batamiðstöðvarinnar komu einu sinni í viku í Hlutverkasetur frá því í október til að taka þátt í starfsemi Hlutverkaseturs og aðstoða fólk við að tengjast staðnum. Hópurinn fór saman í Nauthólsvík yfir sumarmánuðina. Batamiðstöðin bauð notendum Hlutverkaseturs í ágúst, í ferð með varðskipinu Þór og 15 manns frá Hlutverkasetri mættu.

3) Samstarf við við geðræktarúrræði: Orri Hilmarsson og Elín Ebba Ásmundsdóttir voru fulltrúar á samráðsvettvangsfundum úrræða á höfðuðborgarsvæðinu á vegum Geðhjálpar sem hittist einu sinni í mánuði. Einn afrakstur samstarfins var að Kremena Demireva var með Zumba-danskennslu, bæði í Geðhjálpar og í Geysi. Tveir gestir Vinjar, Hörður Jónasson og Hjálmar Sigurvaldason komu einu sinni í viku og voru með skákkennslu. Þar mættu fjórir til sex skákmenn í hvert skipti. Skákmót var í Hlutverkasetri í júní og á Kleppi í desember, þar sem öllum búsetukjörnum var boðið. Frá og með áramótum var boðið upp á ýmiss spil einu sinni í viku að beiðni eins íbúakjarnans. Bætt var við degi yfir sumartímamann og fram á haust var spilað tvisvar í viku. Önnur hugmynd sem kom frá íbúakjarna var að bjóða upp á LAN. Í ár var íbúum á Bríetartúni og íbúum frá Njálsgötu boðið að taka þátt. Fjöldi takmarkaðist við 10 manns. LAN eru leikir í mörgum tölvum sem eru tengdar saman. Boðið var upp á LAN í fimm skipti yfir árið. Öll plássin voru nýtt og byrjað var að spila eftir hefðbundin vinnutíma á föstudögum og spilað langt fram á nótt. Keypt var hráefni í pizzu sem þátttakendur sáu um að útbúa. Úthaldið var mismunandi hjá þátttakendum en LAN-leikur getur varað upp í 10 tíma.

4) Samstarf við Fjölmennt. Tvö námskeið voru haldin í Hlutverkasetri á vegum Fjölmenntar, *Spænsku námskeið* sem Gunnar Waage kenndi og Björg Árnadóttir hélt námskeið í *Skapandi skrifum*. Markmið var að auka þátttöku geðfatlaðra til að sækja námskeið Fjölmenntar.

5) Samstarf við Soroptimistakonur. Helga Magnea Þorbjarnardóttir iðjuþjálfari á geðsviði Landsspítala stýrði Mömmuleikni-námskeiðum, sem haldin voru annað árið í röð. Það var kynnt á geðdeildum Landspítalans, hjá FMB teyminu (foreldrar, meðganga, barn) og í Miðstöð foreldra og barna. Markmiðið var að

mæðurnar fengu fræðslu og hvatningu til að tileinka sér tengslanálgaði hugarfar í samskiptum við börn sín. Námskeiðin voru haldin bæði á vor- og haustönn. Einnig var boðið upp á einstaklings viðtöl og eftirfylgd. Einnig héldu Soroptimistakonur aðalfund sinn í Hlutverkasetri í september, þar sem Edna Lupita og Helga Magnea kynntu verkefnið sín. Soroptimistakonur styrktu þar að auki, Maríu S. Gísladóttir við útgáfu litabókar þar sem þemað er íslensk dýr. Oddfellow, Rbst. nr. 1 Bergþóra styrkti prentun 1. upplagsins, 500 eintök.

6) Samstarf við Kviss Búmm og Bang. Hópurinn samanstendur af þremur konum sem semja leikverk. Þær hafa m.a. nýtt sér reynslu og þekkingu geðsjúkra til listsköpunar. Fjórir notendur Hlutverkaseturs tóku þátt í sýningu þeirra sem fór fram á Hótel Keflavík fyrir nokkrum árum. Leikhúsgestir gistu í sólahring á hótelinu og fengu að kynnað jaðarhópum og takast á við fordóma. Hópurinn leitaði aftur eftir samstarfi við Hlutverkasetur í tengslum við útvarpsefni sem fjallaði um heimili fólks út frá ólíkum sjónarhornum og var útvarpað á Rás 1. Leitað var í reynslubanka þriggja notenda. Kviss Búmm og Bang hópurinn fékk síðan Elínu Ebbu sem gestafyrirlesara í kennslustund með nemum sviðlistabrautar við LHÍ, til að deila reynslu sinni af samstarfinu.

7) Samstarf við Trausti Ólafsson. Trausti bauð áfram upp á námskeiðin *Athöfn sálar* (psykodrama). Haldnar voru átta vinnustofur í psykodrama janúar, febrúar, mars, apríl, september, október, nóvember og desember. Sjö til ellefu manna hópur hafa tekið þátt í vinnustofunum. Hist var á föstudögum eftir hefðbundinn vinnutíma og laugardaginn. Trausti sá einnig um starfsdag á haustmánuðum og tók þátt í upplifunar- og handleiðslu fyrir iðjuþjálfara á Geðsviði LSH.

8) Samstarf við Dale Carnegie. Samstarf hófst á árinu sem felst í því að styrkja valda einstaklinga á örnámskeið hjá þeim.

9) Fótboltaverkefnið FC sækó. Verkefnið hefur fest sig í setti og er afrakstur af einni NsN útttektinni, þar sem áherslan var að finna út hvaða iðju starfsmenn íbúakjarnanna hefðu áhuga á. Verkefnið er samstarf á milli Hlutverkaseturs, velferðarsviðs Reykjavíkur og Geðsviðs LSH. Blómleg starfsemi hefur verið í fótboltanum á síðastliðnu ári og æfingum fjölgað sem og áhugasömum liðsmönnum. Farið var í fótboltaæfingar 168 skipti. Fótboltaæfingar fóru fram í Íþróttahúsi fatlaðra einu sinni í viku. Þar mættu frá 10 – 22 manns og 5 – 10 manns komu til að horfa á. Tvær konur hafa tekið þátt. Göngufótbolti var á

fimmtudögum sem lagðist af vegna lítillar þátttöku. Fótboltaæfingar voru yfir sumarmánuðina á Kleppi. Æfingar á gervigrasinu í Laugardal voru einu sinni í viku og mættu fjórir til átta manns í byrjun en þegar lengra leið á tímabilið mættu um 12 – 20 manns. Bergþór G. Böðvarsson var kosinn formaður fótboltafélagsins FC Sækó. Notendur eru í meirhluta í stjórninni. Í febrúar fékk félagið jafnréttisverðlaun KSÍ. Í maí var innahúss knattspyrnumót FC Sækó haldið í Valsheimilinu þar sem sex lið skipuð notendum og starfsmönnum öttu kappi. Vel var mætt á áhorfendapallana. FC Sækó tók þátt í Gulldeildinni. Mörg liðanna í deildinni hafa spilað saman í mörg ár og innan þeirra raða eru margir þekktir leikmenn. Skráð lið til keppni voru 28 að tölu og dregið var í þrjá riðla. FC Sækó spilaði átta leiki í þeirri deild auk eins leiks í bikarkeppni deildarinnar. Í hverjum leik voru sjö leikmenn inni á vellinum. Þann 10. ágúst var haldið knattspyrnumót á grasvellinum á Kleppi og sáu starfsmenn KSÍ um að merkja völlinn og ljáðu tvo dómara. Alls tóku sex lið þátt og í hverju liði voru fimm leikmenn. Borgar- og velferðarráð Reykjavíkurborgar var með lið á þessu móti og kallaði sig FC Crazy. Auk verðlauna fyrir fyrstu tvö sætin þá voru veitt verðlaun fyrir besta klappliðið og frumlegustu búningana. Klapplið Hlutverkaseturs hreppti verðlaunin sem besta klappliðið. Áætlaður fjöldi á mótinu, liðsmenn og áhorfendur voru um 70 manns. Í september var haldinn fjáröflunarleikur þar sem FC Sækó og FC Crazy kepptu. Leikurinn var haldinn á gervigrasvellinum í Laugardal og sá Gummi Ben um að lýsa leiknum. Leikinn var 11 manna fótolti og í liði FC Sækó voru sjö skiptimenn og fengu allir að spila. Lið FC Crazy skartaði þekktum einstaklingum ásamt Dagi B. Eggertssyni, borgarstjóri, Ilmi Kristjánsdóttur, formaður velferðarráðs og Stefáni Eirikssyni yfirmanni velferðarsviðs. Hápunktur ársins var vinar- og keppnisferð til Nottingham í Englandi. Ferðin var fimm daga í októbermánuði og fóru 23 einstaklingar. Andri, Árni, Bergþór og Orri voru meðal þátttakenda . Í desember tók 15 manns frá FC Sækó þátt í fótoltamóti í Reykjanesbæ . Tíu lið kepptu.

Nefndarstörf, kynningarmál og fjölmiðlaumfjöllun

Aukin og opnari umræða um geðheilbrigðismál í samfélaginu og áherslu á valdeflingu með virkni, þor og von að leiðarljósi hefur haft í för með sér að fleiri einstaklingar hafa stigið fram og deilt reynslu sinni á ráðstefnum, málþingum og fræðslukvöldum. Sögur þeirra hafa ratað í fjölmiðla m.a. í formi blaðgreina,

heimildarþáttaraða bæði hjá Rúv og Stöð 2, rannsóknarverkefna á háskólastigi o.svfr. Eftirfarandi eru einstaklingar sem komið hafa sem fulltrúar setursins.

Auðna Ýrr Oddsdóttir miðlaði af reynslu sinni á batakvöldi Geðhjálpar í febrúar. Í kjölfarið sóttist Jón Ársæll Þórðarson, þáttagerðarmaður hjá RÚV eftir því að komast í samband við notendur í Hlutverkasetri í þeim tilgangi að fá þá til að taka þátt þáttaröð um persónulega reynslu fólks af geðsjúkdómum. Þátturinn mun verða sýndur í Ríkissjónvarpinu í febrúar 2017 og bera nafnið *Paradísarheimt*. Auðna kom einnig fram og deildi batasögu sinni á ráðstefnu Geðhjálpar í júní sem bar heitið *Höfum við farið af leið*. Af því tilefni birtist viðtal við hana í Fréttablaðinu. Auðna hefur verið hvatning og fyrirmynd margra sem átt hafa við alvarleg geðræn einkenni frá unglingsárum og fékk styrk ásamt öðrum þátttakanda Hlutverkaseturs frá forvarna- og fræðslusjóðnum *Þú getur* til að efla sig enn frekar. Auðna ásamt Ágústu Ísleifsdóttur tók þátt í batasögukvöldi í Batamiðstöðinni að Kleppi.

Ágústa Ísleifsdóttir deildi reynslu sinni á námskeiði um valdeflingu sem Elín Ebba stóð fyrir meðal starfsmanna velferðarsviðs í janúar. Ágústa var einnig í fylgd með Sylviane þegar hún flutti erindi um valdeflingu í *Gæfuspöri*, úrræði á vegum geðheilsumiðstöðvar Breiðholts. Þegar Geðhjálpar kynnti ný lög um nauðugarvistun á fundi fyrir starfsfólki Velferðarsviðs, þá var það Ágústa sem deildi reynslu sinni af nauðung. Nemandi í fötlunarfræði byggði hluta af meistaraverkefni sínu á reynslu Ágústu af sjálfræðisviptingu. Ágústa var einn viðmælenda Lóa Pind Aldísardóttur í sex sjónvarpsþáttaröð á Stöð 2 á haustmánuðum. Þættirnir báru heitið *Ekki bara geðveik*. Lóa Pind fylgdi viðmælendum eftir í heilt ár við gerð þáttanna. Ágústa var aðalfulltrúi Hlutverkaseturs í notendaráði Reykjavíkur og Seltjarnarness. Árni Árnason, varafulltrúi, tók síðan við sem aðalfulltrúi frá og með haustinu. Ágústa sá einnig um sjálfshjálparhópinn *Á tali* í Hlutverkasetri einu sinni í viku.

Bergþór G. Böðvarsson, NsN starfsmaður og notendafulltrúi á geðsviði LSH, sat áfram í stjórn Geðhjálpar á starfsárinu. Hann á sæti í tveimur nefndum; heilbrigðismálanefnd ÖBÍ og nefnd á vegum Velferðarráðs. Bergþór er í stjórn fótboltaliðsins FC sækó og fór í utanlandsferð með hópnum til Skotlands og einnig með leiklistarhópnum Húmor til Bratislava. Tvö blaðaviðtöl voru í MBL um knattspyrnuverkefnið og fjögur útvarpsviðtöl á Bylgjunni og Rás 2.

Edna Lupita var fulltrúi Hlutverkaseturs á málþingi Velferðarsviðs,

Reykjavíkurborgar og Geðhjálpar: *Hver er galdurinn* í október um stofnun Bataskóla á Íslandi. Viðtal var við Ednu í Fréttatímanum í október um störf hennar í Batamiðstöðinni og Hlutverkasetri. Einnig var ýtarleg grein um ferðalag leiklistarhópsins Húmors til Bratislava í sama blaði.

Þekkingarmiðlun

Starfsmenn voru iðnir við að miðla þekkingu til hinna ýmsu hópa.

Elín Ebba Ásmundsdóttir:

- Hún hélt námskeið í janúar á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, um valdeflingu, fyrir starfsfólk á sambýlum, hjúkrunarheimilum, í þjónustuíbúðum, félagsstarfi o.fl. Ágústa Ísleifsdóttir deildi eigin reynslu á því námskeiði.
- Hún flutti fyrirlestur í fötlunarfræðinni í HÍ, ásamt Ágústu.
- Hún fór í febrúar sem fulltrúi Heilbrigðisvísindasviðs HA á fund velferðarnefndar Alþingis í tengslum við mótun geðheilbrigðisstefnu.
- Hún var valin heiðursfélagi fyrir störf sín í faggreininni, á ráðstefnu sem haldin var í tilefni af 40 ára afmæli, Iðjuþjálfafélags Íslands, í Hveragerði. Á ráðstefnunni flutti hún erindi sem nefndist *Hlutverkasetur – þar sem iðjuhjartað slær* og var með uppistand á hátíðarkvöldverðinum. Á sömu ráðstefnu flutti hún erindi ásamt Sylviane Lecoultre um atvinnuþátttökuverkefnið *Útrás*. Hún var einnig með vinnustofu ásamt Sylviane sem nefndist *Upplifun og handleiðsla*.
- Iðjuþjálfablaðið birti grein um framlag hennar til geðheilbrigðismála.
- Hún hélt vinnustofur um valdeflingu, geðrækt og iðjuþjálfun á Íslandi fyrir iðjuþjálfanema í Fh Johanneum, Bad Gleichenberg í Austurríki.
- Hún kynnti starfsemi Hlutverkaseturs á fræðslukvöldi geðverndarstöðvarinnar Grófarinnar á Akureyri. Hún fjallaði um stöðu og bjargráð aðstandenda. Áheyrendur voru jafnt aðstandendur, starfsmenn og notendur. Hún var beðin um að segja frá erindinu í *Mannlega þættinum* á Rás 1.
- Í júní flutti hún erindi á Evrópuráðstefnu iðjuþjálfara; COTEC ENOTHE 2016, í Galway á Írlandi. Erindið tengdist rannsóknaraðferð og nefndist *Collaborative Research Work as a Meaningful Occupation and an Agent for Change*.
- Hún kynnti atvinnuþátttökuverkefnið *Útrás* á alþjóðlegri ráðstefnu sem nefndist Mental Health and Vocational Rehabilitation - 4th Nordic Conference in Work Rehabilitation á vegum VIRK; *Útrás – One Way of Using the IPS Way in Iceland*. Hún var einnig með veggspjald um verkefnið *Útrás*.

- Viðtal um *hamingjuna* var tekið við hana af Fréttatímanum í september. Í kjölfarið var hún beðin um fræða eldri borgara á samkomu í Háteigskirkju um grunn hamingjunnar. Bókasafn Kópavogs bað hana um að halda erindi um sama efni sem hluta af fyrirlestraröð þeirra um sjálfsrækt. Hún hélt einnig fyrirlestur um hamingjuna fyrir Lífsspekifélagið og Soroptimistaklúbb Hafnafjarðar og Garðabæjar í nóvember. Fréttablaðinu tók síðan viðtal við hana af sama tilefni.
- Hún var gestafyrirlesari fyrir nemendur á masterstigi í sviðslistum við Listaháskóla Íslands, þar sem hún kynnti reynslu sína af samstarfi við listamenn.
- Hún hélt erindi sem heiðursfélagi fyrir Iðjupjálfafélag Íslands um störf hennar í þágu geðsjúkra sem nefndist *Engin veit starfsvæfi sína fyrr en öll er*.
- Hún ásamt Stefáni Sveinbjarnarsyni mættu í viðtal á Rás 1, *Mannlega þátttinn*. Þar var fjallað um listahátíðina *ERROR* í Bratislava, Slóvakíu.

Helga Magnea Þorbjarnardóttir, hélt tvö erindi um *Tengslaeflandi nálgun* og kynningu á námskeiðunum um *Mömmuleikni* í Hlutverkasetri. Fyrra erindið hélt hún á ráðstefnu BUGL í janúar og það seinna á fræðsludegi fyrir starfsfólk Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra – æfingarstöðvarinnar og Sjónarhóls.

Sylviane Lecoultre, sat áfram í stjórn Geðhjálpar. Hún var kjörin varamaður í stjórn ÖBÍ. Sylviane var fulltrúi Geðhjálpar á stefnuþingi ÖBÍ í apríl og september. Hún sat í nefnd á vegum Velferðarráðuneytisins sem vann að mótun tillögu um vinnuverndarstefnu og skipulagi vinnuverndarmála.

- Í apríl á Ráðstefnu Iðjupjálfa hélt hún vinnustofu ásamt Elínu Ebbu um *Upplifun og handleiðslu* og var þar að auki með erindi ásamt Elínu Ebbu um atvinnuþátttökuverkefnið *Útrás*.
- Í maí var hún með innlegg sem fulltrúi Geðhjálpar á málþingi ÖBÍ um almannatryggingar: *Áhrif nýs kerfis á möguleika fólks til atvinnu og framfærslu*. Hún kynnti verkefnið *Útrás* fyrir iðjupjálfum geðsviðs LSH á Kleppi. Í júní flutti Sylviane ásamt Ágústu erindi í *Gæfuspori*.
- Hún tók þátt í pallborðsumræðum sem fulltrúi iðjupjálfa á málþingi á vegum Geðhjálpar: *Hefur okkur borið af leið?* Málþingið var haldið í tilefni af komu Allan Frances geðlæknis.
- Í júlí kynnti Sylviane starfsemi Hlutverkaseturs fyrir lögfræðinganemum sem unnu að skýrslu og handbók um úrræði sem eru til staðar fyrir útlendinga. Hópur félagsráðgjafa- og lögfræðinema innan HÍ unnu að skýrslunni og

handbókinni, þar sem áhersla var lögð á stöðu útlendinga sem vilja vera virkir.

- Í nóvember var hún með erindi á málþing ÖBÍ á Hilton Hóteli sem fulltrúi Geðhjálpar og Hlutverkaseturs um atvinnu- og menntamál. Erindi hennar nefndist: *Að vinna, mannréttindi eða frekja?*

Endurmenntun

Starfsfólk Hlutverkaseturs sinnti endurmenntun með ýmsum hætti.

Anna Henriksdóttir fór á tvö endurmenntunar námskeið hjá Myndlistaskóla Kópavogs í model- og olíumálun.

Bergþór Grétar Böðvarsson, sótti tvö námskeið þar sem farið var yfir *Samning Sameinuðu þjóðanna* um réttindi fatlaðs fólks og vinnuna við gerð hans. Annað námskeiðið var vikunámskeið í Galway á Írlandi. Hann fór líka á tvö þriggja daga þjálfaranámskeið hjá KSÍ.

Elín Ebba Ásmundsdóttir og Sylviane Lecoultre.

Þátttaka þeirra á málþingum og fagraðstefnum fyrir hönd Hlutverkaseturs:

- Málþing sem ÖBÍ hélt um greiðsluþátttöku í heilbrigðisþjónustu, sem haldin var í Hilton Nordica í lok apríl.
- Þær fóru á frumsýningu kvikmyndar sem gerð var af notendum í Bandaríkjunum og sýnd var í Geðhjálpar og bar nafnið *Græðandi raddir*.
- Fagraðstefnu iðjuþjálfafélagsins sem haldið var á Hótel Örk í Hveragerði.
- Þrjú málþing í maí:
 - a) Eitt á vegum Geðsviðs LSH haldið á Hótel Raddison Bleu sem fjallaði um sérhæfð teymi á þeirra vegum.
 - b) Málþing ÖBÍ um Almannatryggingar og starfsgetumat. *Nýtt kerfi fyrir hvern?*
 - c) Málþing á vegum VIRK sem bar heitið *Eiga allir sjens, fjölbreytileiki á vinnumarkaði*

Þær tóku þátt í heilsdags námskeiði haldið af Geðhjálpar og Snarrótinni í Hörpu í júní. Námskeiðið fjallaði um fíkn, athyglisbrest og skaðaminnkandi íhlutun og var það Gabor Maté læknir og fræðimaður sem stýrði námskeiðinu. Þær mættu á málþing Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Geðhjálpar *Hver er galdurinn* um stofnun Bataskóla. Málþing VMST og Nordens velfærdscenter sem bar heitið, *Hvernig getur samfélagið stuðlað að bættri velferð ungs fólks*, haldið í Norræna húsinu í október. Þær voru á málþingi haldið af ÖBÍ í nóvember sem hét *Mannréttindi fyrir alla* þar sem Sylviane flutti erindi. Þær mættu á

lokaráðstefnu Norrænu velferðarvaktarinnar (Nordic Welfare Watch) í sama mánuði. Þar var kynnt lokaafurð þriggja ára vinnu þar sem var áhrif kreppunnar á velferðarkerfin hafði verið rannsökuð. Markmiðið var að kappkosta að samræma varnir gagnvart framtíðaráskorunum og þróa norræna velferðarvísa til að auðvelda vöktun velferðar.

Þar að auki tók Elín Ebba þátt í:

- Evrópuráðstefnu iðjupjálfa í Galway, Írlandi.
- Alþjóðlega ráðstefnu; The 4th Nordic Conference in Work Rehabilitation
- Vísindaferð á vegum Iðjupjálfafélags Íslands.
- Málþing haldið af Velferðarráðuneytinu í nóvember um *Notendastýrða persónulega aðstoð, leið til sjálfstæðs lífs*.
- Listahátíð jaðarhópa *ERROR* í Bratislava, Slóvakíu í lok nóvember.

Kristín Sigursteinsdóttir, fór á námskeið í grafískri hönnun hjá Prómennt á vorönn 2016. Hún sótti einnig helgarnámskeið um núvitund í Edinborg í maí, ásamt námskeiði í núvitund hjá BHM. Aðferðin hefur nýst vel til að takast á við kvíða og gagnleg aðferð til þess að auka virkni og vellíðan notenda.

Þakkir stjórnar

Stjórnin á mörgum að þakka; starfsfólki, sjálfboðaliðum, þátttakendum, samnings- og samstarfssaðilum og þeim sem boðið hafa þátttakendum Hlutverkaseturs á ýmsa listviðburði. Þá vill stjórnin lýsa yfir ánægju sinni að tvær utanlandsferðir voru farnar þar sem stór hópur frá Hlutverkasetri voru þátttakendur. Soroptimistakonum er einnig þakkað frábært samstarf og fyrir að hafa komið *Mömmuleikninni* á. Einnig er Virk þakkað fyrir að styrkja Hlutverkasetur til atvinnuskapandi verkefna sem og Oddfellowkonum, Rbst. nr. 1 Bergþóra. Eins þakkar stjórnin þeim fyrirtækjum sem hafa gefið notendum Hlutverkaseturs tækifæri til að aðlagast vinnumarkaðnum smátt og smátt, með því að veita þeim hlutastörf.

Fyrir hönd stjórnar Hlutverkaseturs,

Sæunn Stefánsdóttir, formaður stjórnar